

There were 6929 Eiders in the census area in December 1993 (annual Christmas count, unpubl.). The number of Eiders in the mid-winter counts 1991-1995 ranged from 6900 to 9300, the mean was 8076 (Table 3). The distribution of Eiders along the coast differed markedly between summer and winter (Fig. 7). During winter 63% of Eiders were found in areas 019-021, but only 26% during summer. In summer they were mainly found in areas 015-016, where 53% were seen, but during winter there were only 13% seen in those areas.

Female Eiders show a strong fidelity to their breeding colony, and stay during the non-breeding season in the general vicinity the colony (Swennen 1990). Our research gave the same results, as 85% of 219 female Eiders which were observed during June 1993 to March 1994 were within 6 km radius from the colony.

We estimated that about 4,000 pairs breed in the area from Leirárvogur to Straumur (based on Ævar Petersen 1985, Ævar Petersen & Árni Davíðsson 1992, Ólafur Einarsson 1997) and a study of Eiders at Coquet Island, Northumberland, indicated that 10-30% of the population are non-breeders (Coulson 1984). According to this we estimated that in autumn about 12,000 Eiders could be in the census area. We only found a portion of that number. The majority of male Eiders

migrate out of the census area before the end of June. The most important moulting areas for Eiders in Iceland are in the northern part of Faxaflói 50 km north of study area, where 100,000-200,000 birds, mainly males, moult in summer (Arnþór Garðarsson 1982). Our studies indicate that most of the female Eiders stay in the study area during the moult. Females leading broods feed in the intertidal zone (Arnþór Garðarsson et al. 1980). The number of Eiders increased by nearly 65% between August and December, probably because moulting birds returned from their moulting areas.

The distribution of Eiders in summer and winter probably reflects their food requirements and feeding opportunities. During summer Eiders were found by the shore near the nesting colony in relatively sheltered places were feeding is good for the ducklings. In winter they were found by more open coasts as for instance near the Seltjarnarnes peninsula where mussels are abundant.

*Maria Harðardóttir, Ólafur Einarsson & Ævar Petersen. Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, pósthólf / P.O.Box 5320, 125 Reykjavík.*



## Fuglamerkingar á Íslandi árið 1996

Undanfarin ár hafa birst í Blika stutt yfirlit um fuglamerkingar (Guðmundur A. Guðmundsson 1995-1996). Nú verður fitjað upp á þeiri nýbreytni að birta töflu yfir merkta fugla á árinu og heildarfjölda merktra frá upphafi. Þetta er unnt vegna nýrrar samantektar um fuglamerkingar á Íslandi 1921-1995 sem birtist í þessu hefti Blika (Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998). Innan skamms verður vonandi hægt að birta hliðstætt yfirlit yfir endurheimtugagna frá upphafi og jafnframt að gera grein fyrir hve mörg merki endurheimtast árlega. Til þessa hafa endurheimst liðlega 28.000 fuglar af þeim 421.000 sem merktir hafa verið hér á landi, eða 6,6%. Þar af hafa 4400 komið fram erlendis. Að auki hafa Náttúrufræðistofnun Íslands borist upplýsingar um rúmlega 1800 erlend fuglamerki

sem fundist hafa hérlandis. Tölvuskráning endurheimtugagna frá upphafi er langt á veg komin. Mikið gagnasafn bíður því úrvinnslu, en vonir standa til að í auknum mæli verði hægt að birta niðurstöður og samantektir byggðar á upplýsingum frá íslenskum fuglamerkingum.

### Merkingar

Alls skiluðu 43 aðilar inn merkingaskýrslum fyrir árið 1996, jafnmargir og 1995. Alls voru merktir 16.363 fuglar og er það vel yfir meðaltali síðustu 10 ára (1986-95: 13.593 fuglar). Þar með hafa rúmlega 421 þúsund fuglar verið merktir á Íslandi (1. tafla). Óvenjulitið var merkt af fullvönnum fuglum á árinu, eða aðeins 28% af þeim sem merktir voru (samanborið við 42%

Tegund Species*	Merkingar árið 1996 Birds ringed 1996			
	Fullvaxnir Fullgrown	Ungar Unfledged	Samtals Total	Frá upphafi Since 1921
Lómur	0	9	9	297
Fýll	260	135	395	24607
Skrofa	0	3	3	331
Stormsvala	0	1	1	2763
Sjósvala	1	35	36	3312
Dílaskarfur	0	176	176	2733
Hnúðsvanur	1	0	1	1
Álf	212	265	477	4233
Heiðagæs	117	324	441	10570
Grágæs	20	125	145	1898
Kanadagæs	1	0	1	1
Rauðhöfðaönd	1	22	23	2044
Urtönd	0	29	29	1064
Stokkönð	4	85	89	1411
Æður	433	37	470	8523
Æður eldisungar	0	470	470	3484
Straumönd	0	2	2	122
Hávella	10	0	10	1394
Toppönd	2	0	2	369
Hafðom	0	3	3	138
Smyrill	6	13	19	899
Fálki	0	38	38	909
Rjúpa	306	222	528	5339
Tjaldur	35	314	349	4068
Sandlöa	4	220	224	4414
Heiðlöa	2	208	210	6621
Sanderla	197	0	197	869
Sendlingur	1	34	35	3346
Lóubræll	0	48	48	5407
Hrossagaukur	10	132	142	4133
Jaðrakan	1	30	31	279
Spói	2	138	140	3375
Stelkur	20	145	165	4212
Tildra	3	0	3	3181
Öðinshani	35	12	47	3105
Kjói	0	15	15	563
Skúmur	0	380	380	19207
Hettumáfur	0	459	459	10347
Stormmáfur	0	165	165	1499
Silamáfur	17	31	48	1827
Svartbakur	0	3	3	2912
Rita	214	2256	2470	21767
Kría	145	1180	1325	28995
Langvíá	663	520	1183	6558
Stuttnefja	314	38	352	1155
Álka	461	688	1149	5384
Teista	12	436	448	14801
Lundi	502	1226	1728	65970
Snaæugla	1	0	1	1
Brandugla	1	6	7	99
Landsvala	1	0	1	4
Búfutittlingur	8	87	95	10192
Maríuerla	2	112	114	5539
Steindepill	3	18	21	3824
Svartþróstur	3	0	3	282
Gráþróstur	2	0	2	64
Skógarþróstur	171	649	820	31574
Hrafñ	0	23	23	1051
Starí	38	33	71	1230
Barrfinka	0	5	5	7
Auðnutittlingur	24	146	170	3087
Snjótittlingur	338	8	346	40428
Aðrar tegundir – Other species	0	0	0	23463
<b>Samtals – Sum</b>	<b>4604</b>	<b>11759</b>	<b>16363</b>	<b>421282</b>

1. tafla. Fjöldi merktra fugla á Íslandi árið 1996 skipt eftir tegundum. Heildarfjöldi merktra fugla á Íslandi frá upphafi er einnig sýndur. – *Number of birds ringed in Iceland in 1996 compared to grand total since 1921. \*Species names can be found in an Appendix to the paper by Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998, p. 56 in this issue.*

frá upphafi merkinga). Sextíu og ein tegund var merkt árið 1996 og er það í meðallagi miðað við árin 1986-95, en þá voru að meðaltali merktar 62 tegundir á ári. Þrijár nýjar tegundir bættust við, hnúðsvanur, kanadagæs og snæugla, og er heildarfjöldi fuglategunda sem merktar hafa verið frá upphafi nú 116.

Mest var merkt af ritum (2470), því næst lunda (1728) og kríu (1325). Óvenju mikið var merkt af langvíú (1183), þó hlutur þeirra árið 1995 hafi verið enn stærri, og jónkst heildarfjöldi merktra langvíá frá upphafi um 22% á árinu. Álkumerkingar (1149) voru hlutfallslega enn meiri en merkingar á langvíú, því við heildarfjölda bættust 27% á árinu. Merktum rjúpum (528) fjölgaði um 11% og álfum (477) um tæp 13%.

Sem fyrr var skerfur á hugamanna stór. Áhugamenn merktu rúmlega 10.000 fugla (61% af heild) og kann Náttúrufræðistofnun þeim bestu þakkir fyrir gott samstarf. Virkastir áhugamanna á árinu voru Ólafur Á. Torfason, Hafnarfírði (merkti 1937 fugla), Sverrir Thorstensen, Akureyri (1680), Óskar J. Sigurðsson, Vestmannaeyjum (1572), Hálfðán Björnsson, Kvískerjum (571) og Hallgrímur Gunnarsson, Reykjavík (554). Sömu þrír menn skipa sömu efstu sætin árið 1996 og vermdu þau einnig árið 1995.

## Endurheimtur

Endurheimtur á árinu virðast slá öll fyrri met, en tilkynningar hafa borist um 1311 merktu fugla sem náðust eða sáust árið 1996. Langflestar endurheimtur eru innlendar eða 1106 og skipa lundar efsta sætið með 414 endurheimtur. Rjúpa var í öðru sæti (137 endurheimtur) og æðarfugl í því þriðja (127). Fregnir hafa borist af 92 fuglum af 18 tegundum sem merktir voru hér�lendis en endurheimtust erlendis árið 1996. Flestar voru af álfum (26) og heiðagæsum (19). Einnig hefur verið tilkynnt um 113 erlend fuglamerki sem fundust hér�lendis árið 1996.

Þar koma við sögu 17 tegundir, mest grágæsir (31), blesgæsir (21) og álftir (16).

Nokkrar langferðir komust á spjöld sögunnar á árinu. Það sást til sílamáfs með litmerki merkt á Íslandi (nr. 335653) í la Ýounen í Marokkó 27. september 1996 (4137 km frá merkingarstað), aðeins 51 degi eftir að hann var merktur sem fullorðinn í Hafnarfírö. Þetta er þriðji sílamáfurinn frá Íslandi sem fregnir berast af frá Marokkó. Fleiri fuglar af íslenskum uppruna áttu leið um Marokkó á árinu. Maríuerlur hafa veturnsetu í vestanverðri Afríku (Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982) og af 30 maríuerlum sem endurheimst hafa erlendis hafa 7 náðst í Afríku. Árið 1996 kom fjórða maríuerlan fram í Marokkó. Þetta var fugl á 1. ári, sem merktur var í Bárðardal sem ófleygur ungi í lok júní 1995 (nr. 974156), en tekinn lifandi og sleppt aftur í Salé í Marokkó 20. maí 1996 (3562 km frá merkingarstað). Fjórði skúmurinn sem endurheimtist við Miðjarðarhaf fannst dauður í Salerno á Ítalíu 4. nóvember 1996 (3319 km frá merkingarstað), rúnum 10 árum eftir að hann var merktur sem ungi á Breiðamerkursandi (nr. 240058). Fram til 1996 höfðu alls 10 stormmáfar endurheimst erlendis. Allir höfðu þeir leitað suður á bóginn og endurheimst í Færejum, Skotlandi og á Írlandi. Nú bar svo við að íslenskur stormmáfur fannst á óvenjulegum stað. Lesið var á merki stormmáfs í St. Johns á Nýfundnalandi 23. mars 1996 og reyndist hann vera af íslenskum uppruna, merktur sem ófleygur ungi við Akureyrarfuglvöll um miðjan júlí 1990 (nr. 527870). Hann var 2853 km frá merkingarstað.

Landsvala merkt erlendis (Stavanger H598756) náðist í fyrsta sinn á Íslandi. Hún var merkt sem ófleygur ungi í Romsdal, Vanylven í V-Noregi aðeins einum og hálfum mánuði áður en hún náðist hrakin á skipi 42 sjómílur norður af Rauðanúpi 21. október 1996.

Nokkrir gamlingar náðust á árinu. Af rúmlega 400 endurheimtum lundum á árinu reyndust 3 vera komnir vel yfir þrítgt. Allir voru þeir merktir sem fullvaxnir fuglar (a.m.k. tveggja ára) í varpi í Stórhöfða á árunum 1963-65. Einn náðist í varpinu á Stórhöfða næstum 31 ári frá merkingu og var sleppt aftur með sama merki (nr. 427982), annar var háfaður og dreppinn í Sæfjalli á Heimaey rúnum 32 árum frá merkingu (nr. 421171) og sá þriðji var háfaður í Suðurey en sleppt með sama merki

(nr. 419571) 33 árum frá merkingu (þá a.m.k. hálfertugur!). Silfurmáfur fannst dauður við Höfn í Hornafírö 22 árum eftir að hann var merktur sem ófleygur ungi í Hrómundarey á Hamarsfírö (nr. 216958). Loks kom teista í grásleppunet við Flatey á Breiðafírö, sem merkt hafði verið sem ófleygur ungi í Flatey 21 ári áður (nr. 517217).

## HEIMILDIR

Guðmundur A. Guðmundsson 1995-1996. Fuglamerkingar á Íslandi 1993; 1994; 1995. – Bliki 15: 61-62; Bliki 16: 66; Bliki 17: 65.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982. Spörfuglar. I: Arnþór Garðarsson (ritstj.) Fuglar. – Rit Landvermdar 8: 181-207.

Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998. Fuglamerkingar á Íslandi í 75 ár. – Bliki 19: 49-56.

## SUMMARY

### The Icelandic Bird Ringing Scheme 1996

A short overview of the ringing activities in Iceland in 1996 is given, as well as several highlights of the ringing recoveries. Forty-three ringers reported a total of 16,363 birds of 61 species ringed in 1996 (average 1986-95: 13,593 birds of 62 species), where of 4604 were fullgrown and 11,759 unfledged chicks (Table 1; a key to Icelandic birdnames in Table 1 can be found in an Appendix to the paper by Ævar Petersen & Guðmundur A. Guðmundsson 1998, p. 56 in this issue). Voluntary ringers handled as usual great proportion of the birds ringed (over 10,000 or 61% of total). Three new species were added to the list of ringed birds in Iceland; Mute Swan *Cygnus olor*, Canada Goose *Branta canadensis* and Snowy Owl *Nyctea scandiaca*. This brings the grand total of birds ringed in Iceland since 1921 to 421,282 individuals of 116 species.

The species of which highest number of individuals was ringed in 1996 was Kittiwake *Rissa tridactyla* (2470 individuals), second was Puffin *Fratercula arctica* (1728) and third Arctic Tern *Sterna paradisaea* (1325). Unusually many Common Guillemots *Uria aalge* were ringed (1183) increasing the total by 22%. Razorbills *Alca torda* ringing (1149) raised the total by 27%.

Over 1300 recoveries and sightings in 1996 of marked birds have been reported to the Icelandic Institute of Natural History, where of 92 were from abroad. Further 113 recoveries or sightings in Iceland of foreign ringed birds were reported.

Guð. A. Guðmundsson & María Harðardóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.